

# Stjórnarfundur FEB nr. 519 miðvikudaginn 7. janúar 2026

kl. 13:30 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

**Mættir aðalmenn:** Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Gunnlaugur Auðunn Júlíusson, Kristján Guðmundsson, Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Guðrún Bergmann.

**Mættir varamenn:** Sigrún Unnsteinsdóttir og Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir

**Fjarverandi:** Kristinn Eiríksson og Bjarni Bjarnason

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

## 1. Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð

## 2. Fréttir frá formanni FEB.

Formaður FEB fór yfir helstu mál sem hann hefur unnið að frá síðasta fundi og það sem fram undan er.

- Húsbyggingasjóður Aldarmótakynslóðarinnar
  - o Formaður kynnti stöðu „Húsbyggingasjóðs Aldarmótakynslóðarinnar“ sem Páll Helgason stofnaði á árinu 1984. Hann hefur legið óhreyfður í áraraðir og þannig safnað vöxtum. Hann er verðtryggður og ávaxtaður með 2% vöxtum. Höfuðstóll sjóðsins var rétt rúmar 9 milljónir króna í árslok 2024. Sjóðurinn, sem er sjálfseignarstofnun, er í óvissri stöðu þar sem allir stjórnarmenn eru látnir.
  - o Sigurður og Kristján munu skoða málið frekar. Niðurstaða þeirra verður lögð fyrir næsta stjórnarfund.
- Tillögur að bókunum
  - o Formaður kynnti drög að bókun sem lögð verður fyrir Mannréttindaráð Reykjavíkur frá FEB um ráðstöfun á sundlaugargjaldi sem eldri borgurum var áskilið að greiða í sundlaugargjald í sundlaugar Reykjavíkur, eftir að þeim var gert að greiða gjaldið.
  - o Hann kynnti einnig drög að bókun sem varðar fyrirspurn til Mannréttindaráðs Reykjavíkur er varðar afslætti eldri borgara af fasteignasköttum og fráveitugjöldum.

## 3. Staða erindis hjá Umboðsmanni Alþingis

Erindi FEB hefur ekki enn hlotið afgreiðslu hjá UA en það var sent inn í maí 2025. Skv. svari frá fulltrúa UA þann 6. janúar 2026 má vænta svara í þessum mánuði. Framkvæmdastjóri leitar tiltækra ráða að fá svör frá UA.

## 4. Starf nefnda frá síðasta stjórnarfundum

Framkvæmdastjóri fór yfir störf þeirra nefnda sem starfa á vegum félagsins. Þær hafa allar verið mjög virkar og skilað góðu starfi.

- **Ritnefnd.**  
Síðasti fundur var haldinn 9. des og næsti verður 13. janúar. Allt í vinnslu og á réttri braut.
- **Kjara-og velferðarnefnd.** Síðasti fundur var haldinn þann 16. des. og næsti verður 22. janúar. Vinna hafin við gerð áherslupunkta sem leggja á fram á fundum FEB með fulltrúum þeirra flokka

sem bjóða fram til borgarstjórnar í vor. Næst á dagskrá er að klára punktana og skipuleggja fundina.

- **Ferðanefnd.** Síðasti fundur var haldinn þann 11. des. og næsti verður 8. janúar. Verið er að skipuleggja ferðir ársins 2026 á fullu bæði innan- og utanlands.
- **Laganefnd.** Hefur verið að afgreiða umsagnir til Alþingis. Spurning hvort hún þurfi að koma saman og lesa yfir núverandi lög, áður en að aðalfundi kemur EF óska á eftir lagabreytingum. Málið verður lagt fyrir næsta stjórnarfund.

## 5. Dagsetning aðalfundar og undirbúningur

Framkvæmdastjóri fór yfir ýmis atriði sem varða undirbúning aðalfundar.

- **Dagsetning:** Aðalfundur FEB árið 2026 verður haldinn **miðvikudagurinn 25. febrúar kl. 14:00.**
- **Fundarstaður:** Aðalfundurinn verður haldinn í **sal FEB, nema ef aðsókn virðist ætla að verða meiri en húsrúm leyfir**
- **Fundarstjóri:** Verið er að vinna í því að finna fundarstjóra.
- **Ritari:** Ritari stjórnar FEB
- **Kjörgengi og kosningarétt hafa þeir sem eru á félagaskrá 10. janúar og hafa greitt félagsgjald**
- **Uppstillingarnefnd:** Hana þarf að skipa. Framkvæmdarstjóra falið að hafa samband við nokkra kandidata.
- **Kjörnefnd:** Hana þarf að skipa. Framkvæmdarstjóra falið að hafa samband við nokkra kandidata.
- **Ályktanir:** Vakinn er athygli á því að afgreiða þarf ályktanir sem stjórnin ákveður að leggja fyrir aðalfund, sem allra fyrst.

## 6. Önnur mál

1. Formaður skýrði frá fjölmiðlavakt sem LEB er að kaupa. Umfjöllun um málefni starfsemi eldra borgara hefur aukist mikið milli ára 2024 og 2025. FEB er langoftast nefnt í umfjöllun fjölmiðla um þessi mál og mun oftast en málefni LEB.
2. Formaður kynnti bréf frá ASÍ, dags. 8. desember 2025, þar sem því er lýst yfir að ASÍ muni beita sér fyrir bættu aðgengi eldri borgara, sem eru hættir að vinna, að komast á umsóknarlista hjá Bjargi íbúðafélagi hses.

**Fleira ekki tekið fyrir.**

**Fundi slitið kl. 15:30**

**Fundargerð ritaði Gunnlaugur Auðunn Júlíusson**

GUNNLAUGUR BERGMANN

FRANZ S. JOHANNSSON

FRANZ S. JOHANNSSON